

REGLUR

um framlag íslenskra stjórnvalda til stöðuliðs Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu (Frontex).

1. gr.

Markmið.

Markmið með reglum þessum er að tryggja að Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar um framlag til stöðuliðs Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu (Frontex) sem starfar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 (hér eftir nefnd Frontex-reglugerðin).

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur þessara reglna er að kveða nánar á um starfsemi og verkefni liðsmanna teyma stöðuliðs Frontex, hvort heldur er um að ræða starfsfólk erlendra löggæsluyfirvalda sem starfa á Íslandi vegna alþjóðlegra skuldbindinga eða starfsfólk íslenskra yfirvalda sem starfar erlendis á grundvelli laga, alþjóðlegra skuldbindinga eða samstarfssamninga við erlend ríki.

3. gr.

Gildissvið.

Reglurnar skilgreina verkefni og valdsvið íslenskra liðsmanna teymanna við störf erlendis og erlends starfsfólks á aðgerðarsviði sem hingað kemur til tímabundinna starfa.

Í stöðulið Íslands geta verið tilnefndir starfsmenn íslenskra yfirvalda sem eru í samstarfi við Frontex og/eða sinna verkefnum tengdum stofnuninni, t.d. öryggis-, strand- og landamæragæslu.

4. gr.

Skilgreiningar.

Í reglunum gilda eftirfarandi hugtakaskilgreiningar:

Stöðulið Frontex: Sveit strandgæslu- og landamæravarða (Standing Corps) sem hefur það hlutverk að aðstoða við landamæravörslu og framkvæmd frávísana og brottvísana.

Gistiaðildarríki: Aðildarríki þar sem sameiginleg aðgerð eða skyndiíhlutun á landamærum, endursendingaraðgerð eða endursendingarihlutun fer fram eða er sett af stað, eða þangað sem stuðningsteymi við stjórnun fólksflutninga er sent á vettvang.

Heimaaðildarríki: Aðildarríkið þaðan sem starfsmaður er sendur á vettvang eða færður til starfa hjá stöðuliði Frontex.

Þátttökuaðildarríki: Aðildarríki sem tekur þátt í sameiginlegri aðgerð, skyndiíhlutun á landamærum, endursendingaraðgerð, endursendingarihlutun eða í að senda stuðningsteymi við stjórnun fólksflutninga á vettvang, með því að láta í té tæknibúnað eða starfsfólk stöðuliðs Frontex, og einnig aðildarríki sem tekur þátt í endursendingaraðgerðum eða endursendingarihlutunum með því að láta í té tæknibúnað eða starfsfólk, en sem er ekki gistiaðildarríki.

Landamæraefirlit eða landamæragæslu: Lögreglumaður eða annar opinber starfsmaður sem framfylgir reglum um landamæraefirlit eða landamæragæslu.

Starfsfólk á aðgerðarsviði: Landamæraverðir, fylgdarmenn við endursendingu, sérfræðingar á sviði endursendinga og annað vídeigandi starfsfólk sem myndar stöðulið Frontex í samræmi við flokkana fjóra og starfar sem liðsmenn teymanna og hefur, eftir atvikum, framkvæmdavald, og starfsfólk sem ber ábyrgð á starfsemi miðlægrar einingar evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfisins (ETIAS-ferðaheimildakerfisins) sem ekki er hægt að senda á vettvang sem liðsmenn teymanna.

Liðsmaður teymanna: Liðsmaður í stöðuliði Frontex sem sendur er á vettvang í landamæra-stjórnunarteymum, stuðningsteymum við stjórnun fólksflutninga og endursendingarteymum.

Flokkar stöðuliðsins: Aðildarríki skulu tilnefna starfsfólk til tímabundinna starfa í stöðuliðið og ákvarðast tímalengd út frá tilgreindum flokki.

Flokkur 1: Starfsfólk sem ráðið er til starfa hjá Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu í samræmi við starfsmannareglur embættismanna Evrópusambandsins („starfsmannareglurnar“) og ráðningarskilmála annarra starfsmanna Sambandsins („ráðningarskilmálarnir“) sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68.

Flokkur 2: Starfsfólk tilnefnt af aðildarríki í 2 ár með mögulegri framlengingu í 12-24 mánuði.

Flokkur 3: Starfsfólk tilnefnt af aðildarríkjum í allt að fjóra mánuði.

Flokkur 4: Starfsfólk tilnefnt af aðildarríkjum í sérstakt varalið sem hefur það hlutverk að aðstoða við landamæravörslu í gístaðildarríki með stuttum fyrirvara þegar neyðarástand skapast á landamærum aðildarríkja.

5. gr.

Samstarf við Frontex og umsjón með stöðuliðinu.

Samkvæmt 27. gr. reglugerðar nr. 325/2021 um hlutverk og ábyrgð embættis ríkislögreglustjóra ber landamærasvið ríkislögreglustjóra ábyrgð á eftirliti og umsjón með því að Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar sínar er varða landamæraeftirlit.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 325/2021 ber embættið ábyrgð á tengslaskrifstofu Íslands við Frontex. Tengslaskrifstofa annast milligöngu með móttöku erlends starfsfólks á aðgerðarsviði og hefur umsjón með framlagi íslenskra stjórnvalda til stöðuliðsins.

Tengslaskrifstofan skal með reglubundnum hætti óska eftir tilnefningum um starfsfólk frá löggæslustofnunum, þ.m.t. Landhelgisgæslu Íslands og tollyfirvöldum til starfa í lengri eða skemmri tíma í skilgreindum flokkum stöðuliðsins. Auglýsa skal eftir starfsfólki sé um að ræða flokk 2. Stöðuliðið samanstendur af sérfræðingum sem hafa gefið kost á sér til þátttöku í stöðulið Frontex og uppfylla skilgreind hæfniviðmið. Tengslaskrifstofan skal jafnframt leita eftir tilnefningum frá sömu aðilum hvað varðar starfsfólk í flokki 3 og 4 og jafnframt setja verklagsreglur um virkjun varaliðs þegar beiðni berst. Hafa skal samráð við viðkomandi stofnun áður en valið er af lista yfir tilnefnda aðila og viðkomandi er sendur til starfa.

Tengslaskrifstofan skal tryggja nægjanlegan fjölda tilnefnds starfsfólks samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt viðaukum II, III og IV við Frontex-reglugerðina.

Ríkislögreglustjóri skal veita samþykki fyrir móttöku erlendra lögreglumanna til starfa á Íslandi, sem og veita samþykki fyrir að íslensk lögregluvirkni sendi lögreglumenn til starfa erlendis.

6. gr.

Réttindi og skyldur sérhæfðs starfsfólks stöðuliðsins.

Liðsmenn teymanna skulu virða sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og gæta meðalhófs við framkvæmd starfa sinna. Liðsmaður teymanna má ekki mismuna fólki á grundvelli kynferðis, kynþáttar, uppruna, trúarskoðana, aldurs eða kynhneigðar.

Liðsmenn teymanna skulu við framkvæmd verkefna sinna og við beitingu valds síns, virða að fullu grundvallarréttindi, þar með talið aðgang að málsmeðferð hælisleitenda og mannlega reisn og veita viðkvæmum einstaklingum sérstaka athygli. Allar ráðstafanir sem gerðar eru við framkvæmd verkefna og við beitingu valds skulu ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem stefnt er að. Í störfum sínum og við beitingu valds skal ekki mismuna fólki með nokkrum hætti, þ.m.t. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðaeinkenna, tungu, trúarbragða eða sannfæringar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þess að tilheyra þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar í samræmi við 21. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

Liðsmenn teymanna staddir hér á landi skulu þiggja áfram laun frá vinnuveitanda í sínu heimaaðildarríki. Íslenskt starfsfólk sem starfar erlendis innan EES fyrir íslensk stjórnvöld nýtur tryggingarverndar samkvæmt íslenskum lögum, er áfram í ráðningarsambandi við íslenskan vinnuveitanda og þiggur þaðan laun. Opinberir starfsmenn sem starfa erlendis falla undir sömu löggjöf og þau stjórnvöld sem þeir starfa fyrir. Íslenskir embættismenn sem starfa erlendis fyrir íslenska ríkið falla því undir íslenskar almannatryggingar.

Almennt skal gera sérstakan samning um þessi verkefni þar sem réttindi og skyldur koma skýrt fram og samið sérstaklega um vinnutíma skv. gildandi kjarasamningi. Tilgreina þarf uppsagnarfrest og jafnframt um riftunarheimildir samkvæmt reglum Frontex.

Starfsfólk sem tilnefnt hefur verið til verkefna á grundvelli þessara reglna skal eiga rétt á að hverfa aftur til sömu starfa að verkefni sínu loknu, nema samið sé um annað. Verði því ekki viðkomið, skal útvega viðkomandi sambærilega stöðu.

7. gr.

Verklagsreglur, lög og fyrirmæli til liðsmanna teymanna í gistaðildarríki.

Meðan á verkefni í gistaðildarríki stendur, skulu liðsmenn teymanna fara eftir fyrirmælum gistaðildarríkis og starfa eftir sérstakri aðgerðaráætlun sem fulltrúar Frontex og gistaðildarríkið hafa náð samkomulagi um.

Liðsmaður teymanna að störfum í gistaðildarríki skal uppfylla kröfur samkvæmt ákvörðunum stjórnar Frontex um landamæraeftirlit og framkvæmd endursendinga. Liðsmanni ber að fara að viðeigandi reglum Evrópusambandsins, lögum aðildarríkja Schengen samstarfsins og gistaðildarríkis við framkvæmd verkefna. Einnig skal fylgja siðareglum Frontex.

Liðsmaður teymanna skal starfa samkvæmt fyrirmælum til þess bærst starfsmanns gistaðildarríkis.

Liðsmaður teymanna tekur ekki ákvarðanir um frávisun og brottvisun útlendinga. Um slíkt fer samkvæmt löggjöf gistaðildarríkis.

8. gr.

Þjálfun sérhæfðs starfsfólks stöðuliðsins.

Frontex ber ábyrgð á áframhaldandi þjálfun þess starfsfólks sem tilnefnt er til lengri tíma. Það starfsfólk sem tekur þátt í verkefnum til skemmri tíma skal búa yfir viðeigandi sérfræðilþekkingu í þeim málaflokki sem Ísland tilnefnir í og Frontex hefur samþykkt.

9. gr.

Einkennisfatnaður stöðuliðs, einkennismerki og Frontex-skilríki.

Liðsmaður teymanna sem tilheyrir flokki 1 klæðist einkennisbúning stofnunarinnar við störf sín en að auki skal hann bera blátt armband með einkennismerki Evrópusambandsins og Frontex.

Liðsmaður teymanna sem sinnir verkefnum til lengri eða skemmri tíma (flokkur 2, 3 og 4) klæðist eigin einkennisbúningi við störf sín en að auki skal hann bera blátt armband með einkennismerki Evrópusambandsins og Frontex til marks um að viðkomandi sé þátttakandi í samstarfsverkefni eða tilraunaverkefni á vegum stofnunarinnar.

Liðsmaður teymanna skal við störf sín í gistaðildarríki ávallt bera skilríki útgefin af Frontex og gistaðildarríkinu og framvísa þeim þegar þess er óskað. Á skilríkjum skal koma fram nafn viðkomandi, þjóðerni og staða auk nýlegrar ljósmyndar. Skilríkinu ber að skila til Frontex við lok verkefnis.

10. gr.

Heimild til notkunar valdbeitingartækja og vopna.

Liðsmaður teymanna má við störf sín bera valdbeitingartæki samkvæmt lögum gistaðildarríkis, að því gefnu að það fari ekki gegn landslögum heimaðildarríkis. Gistaðildarríki upplýsir Frontex um hvaða valdbeitingartæki séu leyfileg áður en verkefni hefst innan þess ríkis. Frontex upplýsir sérhæft starfsfólk um hvaða vopn eru leyfileg áður en verkefni hefst. Starfsfólk skal vera þjálfað og standast kröfur vegna notkunar valdbeitingartækja og vopna.

11. gr.

Valdbeiting.

Við störf sín mega liðsmenn teymanna beita valdi, þ.m.t. vopnum, ef heimaðildarríkið og gistaðildarríkið hafa samþykkt það, þó eingöngu í viðurvist landamærarvarða gistaðildarríkis og í samræmi við lög þess. Valdbeitingartæki má nota í sjálfsvörn og til varnar öðrum í samræmi við lög gistaðildarríkis.

Liðsmenn teymanna skulu ekki grípa til valdbeitingar nema nauðsyn krefji og stig valdbeitingar skal vera í samræmi við aðstæður hverju sinni.

Liðsmaður teymanna sem hingað kemur og fer með lögregluvald að gefnu samþykki ríkis-lögreglustjóra skal framfylgja gildandi reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.

12. gr.

Notkun gagnagrunna – persónuupplýsingar.

Samkvæmt reglum gístiaðildarríkis er liðsmönnum teymanna veittur aðgangur að innlendum upplýsingakerfum og að evrópskum upplýsingakerfum ef það reynist nauðsynlegt við landamæra-vörslu. Frontex skal þó fyrir fram upplýsa gístiaðildarríki um þörf fyrir slíkan aðgang.

Veita skal nauðsynlegan aðgang að gagnagrunnum og lögreglukerfum svo liðsmenn teymanna geti sinnt nauðsynlegum verkefnum. Um frekari aðgang og miðlun persónuupplýsinga hverju sinni fer eftir lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

Liðsmaður teymanna skal eingöngu afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna tiltekinna verk-efna og framkvæmdar starfa sinna í gístiaðildarríki. Fylgja skal lögum Evrópusambandsins og lögum heimaaðildarríkis á sviði persónuverndar við meðferð slíkra upplýsinga og miðlun þeirra.

13. gr.

Einkaréttarleg ábyrgð.

Þegar liðsmenn teymanna eru að störfum í gístiaðildarríki, skal gístiaðildarríkið í samræmi við löggjöf þess, bera ábyrgð á öllu tjóni sem stöðuliðið kann að valda við störf sín.

Ef tjón hlýst vegna stórkostlegrar vanrækslu liðsmanna teymanna eða af ásetningi, má gístiaðildarríkið leita til heimaaðildarríkis um endurgreiðslu bótafjárhæðar sem það hefur greitt til tjónþola eða aðstandenda sem eiga rétt á bótum vegna viðkomandi.

Með fyrirvara um beitingu krafna gagnvart þriðja aðila, skal hvert þátttökuaðildarríki fella niður allar kröfur gagnvart gístiaðildarríki eða öðru þátttökuaðildarríki vegna tjóns sem það hefur orðið fyrir, nema þegar um stórkostlega vanrækslu eða ásetning hefur verið að ræða.

14. gr.

Refsiábyrgð.

Meðan á verkefni í gístiaðildarríki stendur geta liðsmenn teymanna sætt sömu refsíábyrgð og landamæraverðir í gístiaðildarríki og afbrot gagnvart þeim skulu varða sömu refsingu og afbrot gegn landamæraverði gístiaðildarríkis.

15. gr.

Siðareglur.

Liðsmenn teymanna skulu ávallt heiðra sérstakar siðareglur Frontex (e. Code of conduct) við skyldustörf og utan vinnutíma. Í siðareglunum skal mælt fyrir um verklagsreglur sem ætlað er að tryggja meginreglur réttarríkisins og virðingu fyrir grundvallarréttindum með sérstakri áherslu á viðkvæma einstaklinga, þar með talið börn, fylgdarlaus börn og aðra einstaklinga í viðkvæmri stöðu, svo og einstaklinga sem leita alþjóðlegrar verndar.

Liðsmenn teymanna í flokki 2, 3 og 4 eru háðir agaviðurlögum heimaaðildarríkis samkvæmt þeim reglum sem þar gilda eða öðrum ráðstöfunum í samræmi við landslög. Hér eiga t.d. við agaviðurlög á grundvelli starfsmannalaga, siðareglur starfsmanna lögreglu, siðareglur starfsmanna Landhelgisgæslu o.fl.

16. gr.

Kostnaður, tryggingar.

Frontex skal að öllu leyti bera eftirfarandi kostnað sem aðildarríkin stofna til við að gera starfsfólk sitt tiltækt svo hægt sé að senda það á vettvang úr stöðuliðinu sem liðsmenn teymanna til aðildarríkjanna og til þriðju landa í skamman tíma, í samræmi við 57. gr. Frontex-reglugerðarinnar, eða til aðildarríkjanna gegnum varaliðið til skyndiviðbragða, í samræmi við 58. gr. reglugerðarinnar:

- a. ferðakostnað frá heimaaðildarríki til gístaðildarríkis, frá gístaðildarríki til heimaaðildarríkis, innan gístaðildarríkis vegna sendingar á vettvang eða tilfærslu innan þess gístaðildarríkis eða til annars gístaðildarríkis og vegna sendingar á vettvang og tilfærslu innan eða til annars þriðja lands,
- b. kostnað við bólusetningar,
- c. kostnað við nauðsynlegar, sérstakar tryggingar,
- d. heilsugæslukostnað, þ.m.t. sálfræðiaðstoð,
- e. greiðslur til daglegs upphalds, þ.m.t. gístikostnað.

Liðsmaður teymanna sem tilnefndur er til lengri tíma nýtur sérstakrar slysatryggingar sem greidd er af Frontex. Heimaaðildarríki skal tryggja að tilnefndir liðsmenn teymanna til lengri tíma haldi sínum tryggingum og standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af tilnefningunni samkvæmt ákvörðun stjórnar Frontex.

Liðsmaður teymanna á ekki rétt á frekari dagpeningum eða greiðslum en þeim sem Frontex eða heimaaðildarríki greiðir. Það á við um húsnæði eða vegna fjölskyldu starfsmanns.

Í 10. gr. ákvörðunar stjórnar Frontex nr. 30/2020 er kveðið á um hlunnindi og önnur útgjöld liðsmanna teymanna í flokki 2, m.a. um vaktaálag og bakvaktargreiðslur þegar við á.

Heimilt er að greiða liðsmönnum teyma stöðuliðsins álagsgreiðslur samkvæmt sérstöku samkomulagi á milli vinnuveitanda og starfsfólks.

17. gr.

Vinnutilhögun og vinnutími.

Innlendar stofnanir sem taka þátt í verkefnum á vegum stöðuliðsins þurfa að taka tillit til evrópskrar vinnulöggjafar sem kann að skarast á við íslenska kjarasamninga og tryggja réttindi samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Tilnefnt starfsfólk og viðeigandi embætti skal komast að samkomulagi fyrir tilnefningu um t.d. vinnutilhögun, vinnutíma og annað í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga.

Liðsmenn teymanna í flokki 2 ávinna sér frítökurétt í hverjum mánuði (2 dagar) hjá gistiríki. Ef munur er á lengd orlofs í gistiríki og heimaaðildarríki, skal samið um það sérstaklega milli ríkjanna. Liðsmaður teymanna í flokki 2 nýtur góðs af almennum frídögum sem veittir eru starfsfólki Frontex erlendis. Rauðir dagar hjá heimaaðildarríki eiga ekki við um liðsmenn teymanna í flokki 2 sem starfa erlendis.

Á grundvelli rökstuddra beiðna frá heimaaðildarríki er heimilt að veita liðsmönnum teymanna í flokki 2 allt að fimm daga sérstakt leyfi á hverjum 12 mánuðum.

18. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 18. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og 3. mgr. 11. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 10. júní 2022.

Jón Gunnarsson.

Bryndís Helgadóttir.